

## ***BORGARRÁÐ 21. nóvember 2019: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hlut borgarinnar í lóðasölu RÚV - R19110214***

Í kafla 2.3 í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar um Ríkisútvarpið ohf. er fjallað um lóðasölu RÚV. Í niðurlagi kaflans er vakin athygli á því hversu lítill hluti afraksturs lóðasölnunnar kom í hlut borgarinnar og telur Ríkisendurskoðun borgina hafa framselt umtalsverð verðmæti til lækkunar skulda Ríkisútvarpsins. Í niðurlagi kaflans segir: “Þegar litið er til framangreinds er athyglisvert að árið 2015 hafi Reykjavíkurborg gengið til áðurnefnds samnings við RÚV ohf. um lóðaréttindi og byggingarétt á lóðinni við Efstaleiti án þess að gera kröfu um þátttöku í stofnkostnaði innviða og því að gera lóðina byggingarhæfa. Einnig vekur athygli hversu lítill hluti afraksturs þessa samnings kom í hlut borgarinnar. Ríkisendurskoðandi leggur ekki mat á það hvort hér sé í reynd um opinbera aðstoð að ræða. Þó er víst að bæði ríki og borg framseldu umtalsverð verðmæti til ógjaldfærs opinbers hlutafélags til að hægt yrði að lækka skuldir þess.” Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í borgarráði leggja til að innri endurskoðun Reykjavíkurborgar verði falið að gera úttekt á samningum Reykjavíkurborgar við Ríkisútvarpið um lóðaréttindi og byggingarétt við Efstaleiti. Eins verði kannað hvort jafnræðis hafi verið gætt við samningagerðina.

### **Greinargerð**

Árið 1990 gerðu Reykjavíkurborg og Ríkisútvarpið með sér 50 ára lóðaleigusamning vegna lóðarinnar við Efstaleiti. Forsenda leigusamningsins var sú að á lóðinni risi hús fyrir útvarpsrekstur. Árið 2006 var orðið ljóst að af frekari uppbyggingu í tengslum við útvarpsrekstur á lóðinni yrði ekki og þar með væru forsendur úthlutunar svo stórrar lóðar brostnar. Ákvað borgarráð því sama ár að ganga eftir því að vannýttum lóðum við Efstaleiti yrði skilað svo þar mætti hefja aðra uppbyggingu. Það kom þó aldrei til framkvæmda. Árið 2006 var einnig fjallað um lóðamálin í skýrslu matsnefndar vegna stofnefnahagsreiknings sem lá til grundvallar stofnunar Ríkisútvarpsins ohf., dags. 28. nóvember 2006. Þar sagði eftirfarandi: “Samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytis mun hluti lóðarinnar við Efstaleiti sem ekki er talin nýttast starfsemi RÚV ekki færast til hins nýja félags.” (Sjá: <https://www.althingi.is/altext/erindi/133/133-384.pdf>). Í janúar 2015 gerðu hins vegar Ríkisútvarpið ohf. og Reykjavíkurborg með sér samkomulag um skipulagssamkeppni á lóðinni, nánar tiltekið um lóðaréttindi og byggingarétt. Samkvæmt samkomulaginu fékk Reykjavíkurborg í sinn hlut aðeins 20% af samþykktu byggingarmagni til uppbyggingar leigumarkaðar en þó aldrei fleiri en 40 íbúðir. Borgin gerði ekki kröfu um að Ríkisútvarpið ohf. tæki þátt í stofnkostnaði innviða til að gera lóðina byggingarhæfa. Eftir lóðasölnuna nam heildarráðstöfunarfé RÚV til niðurgreiðslu skulda 1.471 m.kr. sem hugsanlega má álíta opinbera aðstoð Reykjavíkurborgar við Ríkisútvarpið. Í ljósi þeirra takmarkana sem ríkisaðstoðarreglur EES-samningsins og reglur Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) setja á fjármögnun ríkisstyrktra fjölmiðla er framangreind atburðarrás athyglisverð.